



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 5. júlí 2021
SFS2019020033
213. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Ráðning leikskólastjóra í nýjan yngri barna leikskóla við Bríetartún.	Anna Ben Blöndal hefur verið ráðin leikskólastjóri við nýjan yngri barna leikskóla við Bríetartún.
---	--

Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að aðgerðaáætlun stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna 2020-2030, dags. 4. júní 2021.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að aðgerðaráætlun stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna 2020-2030.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 26. maí s.l., þar sem kynnt er til samráðs drög að aðgerðaráætlun stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna.

Því er fagnað af hálfu Reykjavíkurborgar að drög að aðgerðaráætlun sé í vinnslu. Með því er stigið jákvætt skref í þeirri vegferð að innleiða og fylgja eftir stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna.

Eftirfarandi eru ábendingar Reykjavíkurborgar um drög að framangreindri aðgerðaráætlun:


- Það er jákvætt að ný lög um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna verði gerð sem komi í stað núgildandi æskulýðslaga eins og kemur fram í fyrsta markmiði aðgerðaráætlunarinnar þar sem lagt er til að starfshópur verði stofnaður og verkefnið verið unnið í samvinnu við Æskulýðsráð. Það er mikilvægt að þessi málaflokkur hafi lagaramma sem heldur utan um starfsemina. Það vakti athygli að á öðrum stað í aðgerðaráætluninni er lagt til að Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að gerð laga um heildstætt og faglegt heilsárs tómstunda- og félagsstarf sveitarfélaga og lagt til að skipaður verði starfshópur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það er mikilvægt að skýra hér hvort um sé að ræða að stefnt sé að lagagerð fyrir félagasamtök sem sinna tómstunda- og félagsstarfi og síðan öðrum fyrir tómstunda- og félagsstarf sveitarfélaga og þá er líklega um að ræða lög fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Það er mjög brýnt að styðja betur með lagasetningu heildstætt og faglegt heilsárs tómstunda- og félagsstarf sveitarfélaga (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar) og því fagnar Reykjavíkurborg gerð laga sem styðja við frístundastarf sveitarfélaga.
- Á nokkrum stöðum í aðgerðaráætluninni er fjallað um þjónustuvettvang og þjónustumiðstöð sem hafi það hlutverk að styðja við alla lögaðila sem starfa í tómstunda- og frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni. Mikilvægt að skýra upp hlutverk þess þjónustuvettvangs/þjónustumiðstöðvar og vinna frekari lýsingu á því verkefni eins og stefnt er að gera.
- Reykjavíkurborg fagnar því að stefnt sé að viðurkenningu á hálfþömlugu og óformlegu námi eins og kemur fram í drögunum og að Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að gerð faglegra gæðaviðmiða til að mæta þörfum barna og ungmenna fyrir

tómstunda- og félagsstarf.

- Það er mikilvægt að málaflokkurinn hafi öruggt rekstrar- og starfumhverfi þ.m.t. skýrt lagaumhverfi fyrir starfsemina, gæðaviðmið, aðstöðu og tæki til að stuðla að framkvæmd tómstunda- og félagsstarfsins fyrir börn og ungmenni.
- Tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið og að öll börn og ungmenni hafi aðgang að skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi og nauðsynlegt að þeim sé sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku. Því er fagnað að Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgist með þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu starfi og að leggja eigi sérstaka áherslu á að þau sem síður taka þátt í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi m.a. þeirra sem koma frá efnaminni heimilum.
- Reykjavíkurborg styður heilshugar þá aðgerð að stuðla eigi að gerð sameiginlegra öryggis- og siðaregla fyrir tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna þ.m.t. verkferla og viðbragðsáætla.
- Aðgangur fulltrúa frístundasviðs að nemendaverndarráðsfundum er gríðarlega mikilvægur til að stuðningur við börn verði heildstæður og er þeirri aðgerð fagnað.
- Í aðgerðaráætluninni er áhersla á nýliðun í hópi starfsmanna og sjálfbóðaliða og er það mjög jákvætt en það er mikilvægt að fjölga einnig fagmenntuðum tómstunda- og félagsmálafræðingum í starfi á vettvangi sem hafa menntað sig á háskólastigi og að þeir hafi möguleika á heilsárstörfum á vettvangi.
- Mikilvægt er að ávarpa samspil starfs frístundaheimila og félagsmiðstöðva annars vegar og svo starf nemendafélaga grunnskóla hins vegar um leið og þessi aðgerðaáætlun um félags- og tómstundastarf er sett fram.

Að lokum er því komið á framfæri af hálfu Reykjavíkurborgar að stefnunni, aðgerðum og aðgerðaráætlunum fylgi fjármagn frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem geri sveitarfélögum og þeim sem starfa samkvæmt stefnunni kleift að fylgja eftir stefnunni um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna 2020-2030.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs